

Lífeyrissjóður starfsmanna
Akureyrarbæjar

Ársreikningur 2024

	bls.
Áritun óháðra endurskoðenda	2
Áritun tryggingastærðfræðings	5
Skýrsla stjórnar	6
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit um sjóðstreymi	9
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	10
Skýringar	11
Stjórnarháttayfirlýsing	24
Viðauki 1	28

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningur lífeyrissjóðsins gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og settar reikningsskilareglur.

Við staðfestum að álit okkar á ársreikning sjóðsins er í samræmi við upplýsingagjöf okkar til endurskoðunarnefndar sjóðsins samanber 11. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitneskju höfum við sem endurskoðendur ekki veitt Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar neina óheimila þjónustu samanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Ráðningartími endurskoðenda

Enor ehf. var upphaflega kosið sem endurskoðunarfyrtæki Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar á ársfundi sjóðsins þann 9. maí 2017 og hefur verið staðfest sem endurskoðarfyrirtæki sjóðsins á ársfundi árlega frá þeim tíma.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Lýsing á lykilþáttum

Mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins

Við höfum skilgreint mat á tryggingafræðilegri stöðu sem lykilatriði í endurskoðun sjóðsins fyrir árið 2024.

Samkvæmt tryggingafræðilegu mati í árslok 2024 námu áfallnar skuldbindingar sjóðsins kr. 25.958 millj. og eignir til tryggingafræðilegs uppgjors kr. 14.907 millj. Áfallnar skuldbindingar nema því kr. 11.051 millj. umfram eignir. Sjóðurinn er með ábyrgð Akureyrarbæjar en launagreiðendum sem greiða til sjóðsins ber einnig skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum.

Gerð er grein fyrir helstu forsendum og aðferðarfræði við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í áritun tryggingastærðfræðings á bls. 5 og niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar eru settar fram á bls. 10.

Endurskoðun á lykilþáttum

Við höfum lagt mat á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins í árslok 2024. Vinna okkar hefur meðal annars falið í sér:

- Mat á óhæði og hæfi tryggingastærðfræðings sjóðsins.
- Mat á þeim forsendum og aðferðarfræði sem útreikningar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins byggja á.
- Farið var yfir endurútreikning skuldbindinga til þess að ná utan um heild skuldbindinga og breytingar.
- Yfirferð á ferli gagnaöflunar fyrir mat tryggingastærðfræðingsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem við eigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi sjóðsins eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 20. mars 2025

Enor ehf.

Hafnarstræti 53, Akureyri

Davíð Búi Halldórsson

löggiltur endurskoðandi

Áritun tryggingastærðfræðings

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar í árslok 2024. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim. Notast er við reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um lækkun aldursbundinnar dánartíðni, sem fjármálaráðuneyti hefur auglýst sem hluta af staðalforsendum við tryggingafræðilegar athuganir. Miðað er við 2,0% vexti p.a. umfram laun. Örorkulíkur voru metnar sem meðaltal reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 2018-2023.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í yfirliti um tryggingafræðilega stöðu sem og í skýringu nr. 13.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhaldi sjóðsins um áunnin réttindi virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2024. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld svo og áætlaður rekstarkostnaður í framtíðinni miðað við meðaltal kostnaðar síðustu þrjú ár eru núvirt miðað við árslok 2024. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skuldabréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 2,0% ársvexti umfram breytingar launa.

Niðurstaða mín er sú að nokkuð skorti á að Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar geti staðið við þessar skuldbindingar, bæði þær sem þegar eru áfallnar og þær sem til stofnast í framtíðinni, miðað við viðurkenndar forsendur um tryggingafræðilegar athuganir á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða ef eingöngu er litið til eigna sjóðsins og verðmætis iðgjalda. Launagreiðendum ber að auki skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum og að teknu tilliti til þeirra greiðslna má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 42,7% sem hlutfall af skuldbindingum.

Reykjavík, 20. mars 2025

Bjarni Guðmundsson
tryggingastærðfræðingur

Skýrsla stjórnar

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur starfsleyfi frá Fjármálaráðuneytinu í samræmi við 52. gr. þeirra laga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum þann 1. janúar 1999 og starfar á óbreyttum iðgjalda- og réttindagrundvelli í samræmi við 52. gr. laga nr. 129/1997. Sjóðurinn skiptist í tvær réttindadeildir, A-deild og B-deild. Deildirnar hafa sameiginlegan fjárhag í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Sjóðfélagar og iðgjöld

Alls greiddu 30 sjóðfélagar hjá 4 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu og fækkaði greiðandi sjóðfélögum um 5 frá fyrra ári. Iðgjöld námu samtals 36 milljón króna og lækkuðu um 12,1% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 27.

Lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 1.447 milljónum króna og hækkuðu um 9,2% frá fyrra ári og var fjöldi lífeyrisþega að meðaltali 791 á árinu 2024.

Ávöxtun og eignir

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 10,7% og hrein raunávöxtun 5,7% samanborið við 7,7% nafnávöxtun og -0,3% raunávöxtun á árinu 2023. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 14.636 milljónum króna og hækkaði um 4,3% frá fyrra ári.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið framkvæmd á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2024. Samkvæmt matinu námu áfallnar skuldbindingar sjóðsins 25.958 milljónum króna og eignir til tryggingafræðilegs uppgjors 14.907 milljón króna. Áfallnar skuldbindingar nema því 11.051 milljónum króna umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir 57,4% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, nema 11.257 milljónum króna hærrí fjárhæð en eignir eða sem nemur 42,7% af skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um 42 milljónir króna á árinu. Sjóðurinn er með ábyrgð Akureyrarbæjar og byggir ekki alfarið á sjóðsöfnun. Launagreiðendum ber skylda til að endurgreiða sjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum og að teknu tilliti til þeirra má ætla að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Stjórn sjóðsins reiknar með að rekstur sjóðsins verði með svipuðu sniði á næstu árum. Þó hefur stjórn sjóðsins undirritað viljayfirlýsingu um sameiningu sjóðsins við Brú lífeyrissjóð. Niðurstaða úr þeirri vinnu liggur ekki fyrir, en vera má að hún leiði af sér tillögu um sameiningu sjóðanna sem yrði lögð fram á ársfundi sjóðsins 2025 að fengnum staðfestingum bæjarráðs Akureyrarbæjar og stjórnar Kjalar stéttarfélags.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt sérstaka yfirlýsingu um stjórnarhætti, sem birt er með ársreikningnum. Samkvæmt 66.gr.d. laga 3/2006 um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, stefnu í mannréttindamálum, hvernig er spornað við spillingar- og mútumálum auk stuttrar lýsingar á viðskiptalíkani félagsins og fleira. Gerð er grein fyrir stefnu og árangri félagsins í þessum málum í Viðauka I með ársreikningnum.

Sjóðurinn hefur ekki launaða starfsmenn en er með samning við Stapa lífeyrissjóð um rekstur.

Bæjarsjóður Akureyrar er ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Akureyri, 20. mars 2025

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		7.508	7.428
Iðgjöld launagreiðenda		28.625	33.670
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(702)	(480)
		<u>35.431</u>	<u>40.619</u>
Sérstök aukaframlög	3	563.295	511.897
		<u>598.726</u>	<u>552.516</u>
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	4	1.447.113	1.325.119
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		293	305
		<u>1.447.406</u>	<u>1.325.424</u>
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5	651.276	286.678
Hreinar tekjur af skuldabréfum	6	845.799	778.751
Vaxtatekjur af handbæru fé		9.858	8.811
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		1.013	0
Ýmsar fjárfestingartekjur		245	517
Fjárfestingargjöld	7	(1.849)	(1.348)
		<u>1.506.342</u>	<u>1.073.408</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8	50.884	48.941
		<u>50.884</u>	<u>48.941</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		606.778	251.559
Hrein eign frá fyrra ári		14.029.578	13.778.019
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>14.636.356</u>	<u>14.029.578</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	9	4.825.514	4.558.727
Skuldabréf	10	9.409.312	9.220.061
		<u>14.234.826</u>	<u>13.778.787</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		110.267	102.880
Aðrar kröfur		218.816	115.205
		<u>329.083</u>	<u>218.085</u>
Handbært fé		<u>103.410</u>	<u>63.623</u>
Eignir samtals		<u><u>14.667.318</u></u>	<u><u>14.060.495</u></u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	14	<u>30.963</u>	<u>30.917</u>
Skuldir samtals		<u>30.963</u>	<u>30.917</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u><u>14.636.356</u></u>	<u><u>14.029.578</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	2024	2023
Inngreiðslur		
Iðgjöld	28.045	30.429
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	10.871	8.811
Aðrar inngreiðslur	563.295	511.897
	<u>602.211</u>	<u>551.137</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	1.447.113	1.325.119
Rekstrarkostnaður	52.981	49.964
Aðrar útgreiðslur	103.612	12.517
	<u>1.603.706</u>	<u>1.387.599</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	(1.001.495)	(836.462)
Fjárfestingarhreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	53.491	78.746
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(449.946)	(736.146)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	780.944	642.652
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	1.038.884	1.043.167
Keypt skuldabréf	(662.173)	(365.067)
Seld skuldabréf	279.836	62.343
	<u>1.041.037</u>	<u>725.696</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	39.542	(110.766)
Gengismunur af handbæru fé	245	517
Handbært fé í upphafi árs	63.623	173.872
Handbært fé í lok árs	<u>103.410</u>	<u>63.623</u>

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2024

Tryggingafræðileg staða 2024

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	14.636.356	0	14.636.356
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa.....	270.794	0	270.794
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	208.664	208.664
Eignir samtals.....	<u>14.907.150</u>	<u>208.664</u>	<u>15.115.814</u>
Skuldbindingar			
Eftirlaun.....	20.961.960	348.856,2	21.310.816
Örorkulífeyrir.....	197.090	2.737,4	199.828
Makalífeyrir.....	4.103.422	45.654,1	4.149.076
Barnalífeyrir.....	0	143,6	144
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar.....	695.786	16.692,1	712.478
Skuldbindingar samtals.....	<u>25.958.257</u>	<u>414.083</u>	<u>26.372.341</u>
Skuldbindingar umfram eignir.....	(11.051.108)	(205.420)	(11.256.527)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....	-42,6%	-49,6%	-42,7%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun.....	-43,5%	-47,7%	-43,6%

Tryggingafræðileg staða 2023

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	14.029.578	0	14.029.578
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa.....	331.868	0	331.868
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa.....	0	0	0
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar.....	0	0	0
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar.....	0	0	0
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	270.039	270.039
Eignir samtals.....	<u>14.361.446</u>	<u>270.039</u>	<u>14.631.485</u>
Skuldbindingar			
Eftirlaun.....	20.572.444	451.366	21.023.810
Örorkulífeyrir.....	207.058	2.831	209.890
Makalífeyrir.....	3.949.675	40.305	3.989.980
Barnalífeyrir.....	0	249	249
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar.....	684.769	21.178	705.947
Skuldbindingar samtals.....	<u>25.413.947</u>	<u>515.930</u>	<u>25.929.876</u>
Skuldbindingar umfram eignir.....	(11.052.500)	(245.891)	(11.298.391)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....	-43,5%	-47,7%	-43,6%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun.....	-43,2%	-59,8%	-43,6%

1. Starfsemi

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Aðild að sjóðunum eiga starfsmenn Akureyrarbæjar og stofnana hans sem ráðnir voru til starfa fyrir 1. janúar 1999 en sjóðnum var lokað fyrir nýjum starfsmönnum frá þeim tíma. Stapi lífeyrissjóður sér um rekstur sjóðsins í samræmi við samning milli sjóðanna þar um.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga og lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Í einhverjum tilvikum hefur verið vikið frá framsetningarformi samkvæmt viðauka 1 í reglunum, þegar upphæðir undirliða teljast óverulegar og eru þá felldar inn í aðra undirliði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

Gjaldmiðlar og vísitölur

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2024	2023	31.12.2024	31.12.2023
Evra (EUR).....	149,31	149,14	143,90	150,50
Bandaríkjadalur (USD).....	137,93	137,98	138,20	136,20

Fjárhæðir

Fjárhæðir í reikningunum eru sýndar í þúsundum króna.

Áhættustjórnun

Lífeyrissjóðurinn hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttað. Sjóðurinn hefur ekki gert afleiðusamninga í þeim tilgangi að verja áhættu í starfsemi hans, hvorki fjárhagslega áhættu eða lýðfræðilega.

Áhættuvarnarreikningsskil eru ekki til staðar, og afleiðuviðskipti ekki viðhöfð og engir framvirkir gjaldeyrissskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sjóðnum.

Gangvirðismat og annað verðmat

Þessi skýring veitir upplýsingar um hvernig sjóðurinn metur virði hinna ýmsu fjáreigna sinna.

Matsaðferðunum er skipt í 3 stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerna eða mats sem ekki byggir á gangvirði. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: Gangvirðismatið byggir á uppgefnu verði á virkum markaði.

Stig 2: Gangvirðismatið byggir ekki á uppgefnu verði á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina, annað hvort beint (t.d. nýlegt viðskiptaverð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum fjármálagerna með sambærilegan líftíma á virkum markaði), eða öðrum mikilvægum markaðsupplýsingum s.s. gengi frá rekstraraðila sjóðs, innra virði félags eða verðmati viðurkennds matsaðila.

Stig 3: Gangvirðismatið byggir á kostnaðarverði eða lægra verði hafi sjóðurinn upplýsingar sem benda til þess.

Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilgreinum sem berast sjóðnum. Iðgjöld eru flokkuð eftir því hvort þau eru greidd af sjóðfélögum sjálfum eða eru mótframlag launagreiðanda.

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er greitt til jöfnunar á örorkubyrði á milli lífeyrissjóða og færast meðal iðgjalda.

Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur sjóðsins til sjóðfélaga og skiptast þær í eftirlaun, makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri. Annar kostnaður sem færður er með lífeyriskostnaði er framlag í Virk starfsendurhæfingarsjóð og beinn kostnaður sem fellur til vegna örorkulífeyrisúrskurða.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjárfestingar

Fjárfestingar sjóðsins skiptast í eignarhluta í félögum og sjóðum, skuldabréf og bundnar bankainnstæður. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf og eru þau metin á gangvirði.

Skuldabréf eru framseljanleg skuldabréf og önnur skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Skuldabréf eru færð á gangvirði í árslok nema ef um er að ræða skuldabréf sem haldið er til gjalddaga s.s. skuldabréf vegna uppgjörs launagreiðanda á skuldbindingum við sjóðinn og útlán til sjóðfélaga, slík skuldabréf eru færð á upphaflegri kaupkröfu í efnahagsreikningi.

Bundnar bankainnstæður eru innlán í bönkum og sparisjóðum sem bundin eru til lengri tíma en 3 mánaða.

3. Sérstök aukaframlög

	2024	2023
Viðbótarframlög launagreiðenda.....	559.949	507.699
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði.....	3.346	4.199
	<u>563.295</u>	<u>511.897</u>

4. Heildarfjárhæð lífeyris

Eftirlaun.....	1.212.168	1.105.165
Örorkulífeyrir.....	31.676	31.717
Makalífeyrir.....	203.269	188.183
Barnalífeyrir.....	0	53
	<u>1.447.113</u>	<u>1.325.119</u>

5. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

	2024	2023
Arðgreiðslur	53.491	78.746
Hagnaður af sölu eignarhluta	75.297	156.714
Breytingar á gangvirði	522.488	51.217
	<u>651.276</u>	<u>286.678</u>

5. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum (framhald)

Hreinar tekjur af eignahlutum í félögum og sjóðum sundurliðast þannig niður á fjárfestingar:

Alvotech hf.	(4.532)	(1.970)
Alvotech US hf.	7.150	(8.505)
Akta Stokkur	(2.440)	(1.616)
Amaroq Minerals Ltd.	4.172	0
Arion banki hf.	34.739	17.393
BFG Fixed income Global Opportunities „D2“	9.623	3.947
Brim hf.	(12.312)	(4.816)
ElK fasteignafélag hf.	9.903	963
Eimskipafélag Íslands hf.	(15.827)	(3.303)
Festi hf.	36.186	14.364
Gamli Byr ehf.	0	0
Gamma Iceland Fixed Income Fund	(815)	(2.555)
Hagar hf.	34.711	9.130
Hampiðjan hf.	(8.210)	2.359
Heimar hf. (áður Reginn hf.)	32.228	(13.215)
Iceland Seafood International hf.	(3.897)	(1.844)
Icelandair Group hf.	366	(812)
iShares Developed World Index	173.448	133.528
iShares MSCI ACWI UCITS ETF	91.310	79.760
iShares TLT	(11.264)	20.461
Ísfélagið hf.	(1.516)	968
Íslandsbanki hf.	19.216	(5.118)
Íslensk verðbréf hf.	(5.200)	0
ÍV- Hlutabréfavísitölusjóður	0	(789)
ÍV Skammtímasjóður	129	534
ÍV Stokkur	0	(3.274)
JBT Marel Corporation	3.876	0
JBT Marel Corporation US	(1.355)	0
Júpíter - Lausafjár sjóður	2.624	800
Kaldalón hf.	13.750	3.648
Kvika banki hf.	18.250	(7.242)
Kvika - Innlend hlutabréf	6.318	(1.570)
Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður	1.208	939
Nova hf.	2.144	(2.723)
Marel hf.	69.332	552
Marel NA	22.667	(2.178)
MF1 slhf.	0	3.219
Origo hf.	0	339
Reitir fasteignafélag hf.	27.700	(3.838)
Síldarvinnslan hf.	(17.531)	(29.088)
Síminn hf.	12.530	(757)
Sjóvá - Almennar tryggingar hf.	17.549	14.583
ST 1 Veðskuldabréfasjóður	33.491	31.812
Stefnir - Innlend hlutabréf hs	521	(18)
Stefnir - Lausafjár sjóður	1.382	3.094
Sýn hf.	(130)	(97)
Vátryggingafélag Íslands hf.	13.068	2.410
Veðskuldabréfasjóður ÍV	7.058	8.425
Veðskuldabréfasjóður ÍV - VÍV II	26.196	26.351
Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.	3.461	2.426
	651.276	286.678

Skýringar

6. Hreinar tekjur af skuldabréfum

Tekjur flokkaðar eftir verðmatsaðferðum:	2024	2023
Skuldabréf á gangvirði - stig 1	212.892	177.287
Skuldabréf á metnu gangvirði - stig 2	267.571	124.994
Skuldabréf á metnu gangvirði - stig 3	(28)	22
Skuldabréf haldið til gjalddaga	365.365	476.448
	<u>845.799</u>	<u>778.751</u>

Hreinar tekjur greinast þannig eftir skuldabréfaflokkum á árinu 2024

	Gangvirði	Kostnaðarvirði	Samtals
Skuldabréf með ríkisábyrgð	63.414	241.998	305.413
Skuldabréf sveitarfélaga	64.375	0	64.375
Skuldabréf lánastofnana	146.419	0	146.419
Skuldabréf fyrirtækja	0	329.146	329.146
Veðlán sjóðfélaga	0	446	446
	<u>274.208</u>	<u>571.591</u>	<u>845.799</u>

Hreinar tekjur greinast þannig eftir skuldabréfaflokkum á árinu 2023

	Gangvirði	Kostnaðarvirði	Samtals
Skuldabréf með ríkisábyrgð	56.344	310.416	366.760
Skuldabréf sveitarfélaga	44.972	0	44.972
Skuldabréf lánastofnana	92.662	0	92.662
Skuldabréf fyrirtækja	0	273.694	273.694
Veðlán sjóðfélaga	0	663	663
	<u>193.977</u>	<u>584.773</u>	<u>778.751</u>

7. Fjárfestingargjöld

Vörslu- og umsýslupóknun	1.834	1.316
Önnur fjárfestingargjöld	16	32
	<u>1.849</u>	<u>1.348</u>

Árið 2024	Bein fjárfest. gjöld	Áætluð fjárfest. gjöld	Fjárfest. gjöld samtals	Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu	Hlutfall fjárfest. gjalda alls af meðaleign
Umsýslupóknanir					
Vegna innlendra fjárfestingarsjóða	-371	4.057	3.686	736.439	0,5%
Vegna innlendra fagfjárfestingsjóða	0	632	632	279.332	0,2%
Vegna erlendra verðbréfasjóða	0	3.915	3.915	1.789.799	0,2%
Kaup- og sölupókn. vegna verðbréfavíðskipta	777	0	777		
Vörslupóknanir	2.205	0	2.205		
Fjárfestingargjöld samtals	<u>2.611</u>	<u>8.604</u>	<u>11.215</u>		

Árið 2023

Umsýslupóknanir

Vegna innlendra fjárfestingarsjóða	-686	3.836	3.150	654.879	0,5%
Vegna innlendra fagfjárfestingsjóða	0	1.065	1.065	185.267	0,6%
Vegna erlendra verðbréfasjóða	0	3.334	3.334	1.451.579	0,2%
Kaup- og sölupókn. vegna verðbréfavíðskipta	949	0	949		
Vörslupóknanir	2.002	0	2.002		
Fjárfestingargjöld samtals	<u>2.265</u>	<u>8.234</u>	<u>10.499</u>		

Kaup- og sölupóknanir vegna verðbréfavíðskipta eru inni í hreinum tekjum viðkomandi verðbréfa og þar með eignaflokks.

8. Rekstrarkostnaður

8.1 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2024	2023
Laun og launatengd gjöld.....	3.971	4.117
Endurskoðun	3.063	2.785
Innri endurskoðun.....	2.429	62
Tryggingafræðileg aðstoð.....	2.337	2.721
Fjármálaeftirlitið.....	4.863	4.436
Rekstrarþóknun.....	29.343	28.518
Annar kostnaður.....	4.879	6.301
	<u>50.884</u>	<u>48.941</u>

8.2 Laun og launatengd gjöld

Laun stjórnar og endurskoðunarnefndar.....	3.346	3.469
Launatengd gjöld	625	648
	<u>3.971</u>	<u>4.117</u>

Stöðugildi að meðaltali.....	0	0
------------------------------	---	---

8.3 Laun stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar

Laun stjórnar		
Arna Jakobína Björnsdóttir	288	278
Árni Egilsson, varamaður.....	0	0
Dan Jens Brynjarsson, formaður.....	1.197	1.156
Gunnar Líndal Sigurðsson.....	456	440
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, varamaður.....	168	163
Hanna Rósa Sveinsdóttir.....	456	440
Snæbjörn Sigurðarson.....	456	440

Laun endurskoðunarnefndar

Arna Jakobína Björnsdóttir	108	220
Dan Jens Brynjarsson.....	108	112
Ragna Hrund Hjartardóttir, formaður.....	108	220
	<u>3.346</u>	<u>3.469</u>

8.4 Þóknanir til ytri endurskoðenda sjóðsins:

Þóknun fyrir endurskoðun.....	3.063	2.785
	<u>3.063</u>	<u>2.785</u>

8.5 Þóknanir til innri endurskoðenda sjóðsins

Þóknun fyrir innri endurskoðun.....	2.429	62
	<u>2.429</u>	<u>62</u>

8.6 Þóknanir til tryggingastærðfræðings sjóðsins

Þóknun fyrir útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu.....	2.337	2.191
Önnur þjónusta.....	0	530
	<u>2.337</u>	<u>2.721</u>

Skýringar

9. Eignarhlutir í félögum og sjóðum

	31.12.2024	31.12.2023
Eignarhlutir í innlendum hlutafélögum.....	2.102.512	2.112.969
Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum	839.243	819.948
Hlutdeildarskírteini í erlendum sjóðum.....	1.883.759	1.625.809
	<u>4.825.514</u>	<u>4.558.727</u>

Eignarhlutir í innlendum hlutafélögum greinast þannig:

Skráð félög:	Hlutdeild	31.12.2024	31.12.2023
Alvotech hf.....	0,03%	152.403	48.030
Alvotech hf. US.....	0,01%	49.366	42.217
Amaroq Minerals Ltd.....	0,03%	24.172	0
Arion banki hf.	0,09%	232.047	251.788
Brim hf.....	0,08%	119.880	135.432
EIK fasteignafélag hf.....	0,05%	24.807	36.964
Eimskipafélag Íslands hf.....	0,12%	78.451	98.881
Festi hf.....	0,14%	127.127	112.264
Hagar hf.....	0,09%	110.346	99.280
Hampiðjan hf.....	0,04%	23.120	31.578
Heimar hf.....	0,12%	82.397	70.146
Iceland Seafood International hf.....	0,20%	30.278	34.175
Icelandair Group hf.....	0,01%	4.278	3.912
Íslandsbanki hf.....	0,05%	119.036	214.361
Ísfélagið hf.....	0,02%	28.955	30.968
JBT Marel Corporation.....	0,01%	193.709	0
JBT Marel Corporation US.....	0,02%	54.733	0
Kaldalón hf.....	0,13%	39.245	25.494
Kvika banki hf.....	0,12%	118.768	100.518
Marel hf.....	0,00%	0	192.104
Marel hf. (Marel NA).....	0,00%	0	53.653
Nova hf.....	0,18%	28.203	26.059
Reitir fasteignafélag hf.....	0,11%	93.803	67.747
Síldarvinnslan hf.....	0,11%	186.986	207.984
Síminn hf.....	0,07%	24.331	31.863
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.....	0,15%	83.234	69.362
Sýn hf.....	0,00%	273	403
Vátryggingafélag Íslands hf.....	0,14%	56.179	44.475
Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.....	0,03%	16.386	13.363
		<u>2.102.512</u>	<u>2.043.020</u>
Óskráð félög:			
Gamli Byr ehf.....	0,25%	0	0
Íslensk verðbréf hf.....	0,00%	0	69.949
		<u>0</u>	<u>69.949</u>
Eignarhlutir í innlendum hlutafélögum alls.....		<u>2.102.512</u>	<u>2.112.969</u>
Hlutabréfaeign alls		<u>2.102.512</u>	<u>2.112.969</u>

9. Eignarhlutir í félögum og sjóðum (framhald)

Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir sjóðir:	Hlutdeild	31.12.2024	31.12.2023
Akta Stokkur.....	0,36%	8.782	11.222
Gamma Icelandic Fixed Income Fund.....	0,53%	2.719	4.911
Júpíter - Lausafjársgjóður.....	0,02%	3.424	15.800
Kvika - Innlend hlutabréf.....	0,31%	39.498	33.180
Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður.....	1,15%	10.292	9.084
Skammtímasjóður ÍV.....	0,00%	131	2
ST 1 Veðskuldabréfasjóður.....	1,60%	338.660	305.168
Stefnir Innlend hlutabréf hs.....	0,02%	5.503	4.982
Stefnir - Lausafjársgjóður.....	0,10%	9.476	48.094
Veðskuldabréfasjóður ÍV.....	4,91%	85.681	78.624
Veðskuldabréfasjóður ÍV- VÍV II.....	4,09%	335.078	308.882
Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum alls.....		839.243	819.948

Erlendir sjóðir:

BFG Fixed income Global Opportunities „D2“.....	157.281	147.657
iShares Developed World Index.....	1.026.002	852.554
iShares MSCI ACWI UCITS ETF USD.....	558.665	467.355
iShares TLT.....	141.811	158.243
Hlutdeildarskírteini í erlendum sjóðum alls.....	1.883.759	1.625.809

Eignarhlutir í félögum og sjóðum alls..... **4.825.514** **4.558.727**

Eignarhlutir í félögum og sjóðum flokkaðir eftir matsaðferðum:

	31.12.2024	31.12.2023
Eignarhlutir og sjóðir á gangvirði - stig 1.....	4.055.803	3.787.020
Eignarhlutir og sjóðir á metnu gangvirði - stig 2.....	769.711	771.707
Eignarhlutir og sjóðir á metnu gangvirði - stig 3.....	0	0
.....	4.825.514	4.558.727

10. Skuldabréf

Skuldabréf með ríkisábyrgð:

Húsbréf.....	1.482	1.498
Íbúðabréf.....	385.686	394.310
Ríkisbréf.....	452.436	296.082
Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð.....	2.687.137	2.795.021
.....	3.526.741	3.486.912

Skuldabréf sveitarfélaga.....	719.281	757.650
Skuldabréf lánastofnana.....	1.789.160	1.565.787
Skuldabréf fyrirtækja.....	3.371.926	3.407.096
Veðlán sjóðfélaga.....	4.435	5.058
Niðurfærslur skuldabréfa.....	(2.231)	(2.441)
Skuldabréf alls.....	9.409.312	9.220.061

Skýringar

10. Skuldabréf (framhald)

Skuldabréf flokkuð eftir matsaðferðum:

	31.12.2024	31.12.2023
Skuldabréf á gangvirði:		
Skuldabréf á gangvirði - stig 1	2.661.330	2.720.640
Skuldabréf á metnu gangvirði - stig 2	2.946.304	2.484.748
Skuldabréf á metnu gangvirði - stig 3	1.469	1.498
	<u>5.609.103</u>	<u>5.206.886</u>
Skuldabréf haldið til gjalddaga:		
Ríkisskuldabréf.....	2.687.137	2.795.021
Skuldabréf lánastofnana	0	0
Skuldabréf fyrirtækja	1.108.637	1.213.096
Veðlán sjóðfélaga.....	4.435	5.058
Skuldabréf haldið til gjalddaga alls.....	<u>3.800.209</u>	<u>4.013.175</u>
Skuldabréf samtals.....	<u>9.409.312</u>	<u>9.220.061</u>
Áætlað gangvirði þeirra framangreindra skuldabréfa sem haldið er til gjalddaga.....	3.944.749	4.165.302

11. Niðurfærsla skuldabréfa

Niðurfærsla í ársbyrjun	2.441	2.683
Breyting niðurfærslu á árinu.....	(210)	(242)
	<u>2.231</u>	<u>2.441</u>

Verðbréf eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

12. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2024			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum.....	2.698.679	2.126.835	4.825.514
Skuldabréf.....	9.407.843	1.469	9.409.312
	<u>12.106.522</u>	<u>2.128.304</u>	<u>14.234.826</u>
Hlutfallsleg skipting	85%	15%	100%
	Eignarhlutir í félögum og sjóðum	Skuldabréf	Hlutfall
Skipting fjárfestingar eftir erlendum gjaldmiðlum:			
Í USD	2.126.835	0	99,9%
Í EUR.....	0	1.469	0,1%
	<u>2.126.835</u>	<u>1.469</u>	<u>100%</u>
Árið 2023			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum.....	2.839.681	1.721.679	4.561.359
Skuldabréf.....	9.234.826	1.498	9.236.324
	<u>12.074.507</u>	<u>1.723.176</u>	<u>13.797.683</u>
Hlutfallsleg skipting	88%	12%	100%
	Eignarhlutir í félögum og sjóðum	Skuldabréf	Hlutfall
Skipting fjárfestingar eftir erlendum gjaldmiðlum:			
Í USD	1.668.026	0	96,8%
Í EUR.....	53.653	1.498	3,2%
	<u>1.721.679</u>	<u>1.498</u>	<u>100%</u>

Skýringar

13. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum lífeyrissjóðsins:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu sjóðsins í árslok 2024 miðað við 2% ársvexti umfram laun þá vantar sjóðinn 11.051 milljónir króna til að mæta áföllnum skuldbindingum eða 42,6% af skuldbindingum. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru 11.257 milljónir króna eða 42,7% af skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um 42 milljónir króna á árinu 2024. Vísað er í áritun tryggingastærðfræðings vegna frekari forsendna við matið.

Eignir	31.12.2024	31.12.2023
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok.....	15.115.814	14.631.485
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun.....	14.631.485	13.956.047
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu.....	484.329	675.438
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok.....	26.372.341	25.929.876
Skuldbindingar í ársbyrjun.....	25.929.876	24.737.627
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu.....	442.465	1.192.249
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu.....	41.864	(516.811)

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum árið 2024

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun.....	24.729.177	23.513.574
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta.....	1.534.436	2.687.745
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins.....	56.300	55.700
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu.....	(1.447.113)	(1.325.119)
Hækkun vegna breytinga á reikniforsendum.....	102.400	0
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga.....	287.271	(202.723)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	25.262.472	24.729.177

14. Aðrar skuldir

	31.12.2024	31.12.2023
Ógreiddur kostnaður.....	30.963	30.917
	30.963	30.917

15. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahags

Engar útistandandi skuldbindingar eru hjá sjóðnum í árslok.

16. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring

16.1 Áhættustefna, skipulag og markmið áhættustýringar

Í daglegri starfsemi sinni sem lífeyrissjóður stendur sjóðurinn frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Stjórnendur sjóðsins bera ábyrgð á að gera sér grein fyrir þeim áhættuþáttum sem fylgja starfseminni og að fullnægjandi áhættustýring sé ávallt til staðar. Til að mæta þessari kröfu hefur sjóðurinn mótað sérstaka áhættustefnu og áhættustýringarstefnu, þar sem áhætta er skilgreind, helstu áhættuþáttum lýst og gerð grein fyrir skipulagi og framkvæmd áhættustýringar. Stjórn ber ábyrgð á því að móta og samþykkja áhættustefnu og sjá til þess að virk áhættustýring sé til staðar hjá sjóðnum, sem tekur til allrar starfsemi hans. Áhættustýring skal innihalda skilvirka ferla og vinnulag. Hún þarf einnig að tryggja að framkvæmda- og áhættustjóri fylgist með því að þessir ferlar séu fullnægjandi og verklag sé skilvirkt. Hluti af áhættustefnu er áhættuáætlun sem sett er upp í fjárfestingarstefnu sjóðsins, þar er áhættuþol metið og töluleg markmið sett um áhættu og hvernig takmörk um áhættu eru nýtt í einstökum flokkum eigna. Í áhættustefnu er hins vegar fjallað um hvernig áhætta er metin og hvernig fylgst er með að áhættuviðmið séu haldin og hvernig eftirliti er hátað. Lagt er mat á mikilvægi áhættuflokka, eftirlitsaðgerðir eru skilgreindar og sett fram dagskrá áhættustýringar, þar sem eftirlitsaðgerðir eru tímasettar, hver ber ábyrgð og hvaða skýrslum skuli skilað. Í lögum er lögð sú skylda á lífeyrissjóði að framkvæma eigið áhættumat en samkvæmt reglugerð um eftirlitakerfi með áhættu lífeyrissjóða er tilgreint að matið skuli framkvæmt a.m.k. árlega. Stjórn, framkvæmdarstjóri og áhættustjóri eiga að taka virkan þátt í gerð eigin áhættumats en framkvæmd þess er í höndum tveggja síðast nefndu. Stjórn er skilað reglulegum skýrslum um framkvæmd áhættustýringar auk skýrslna um hlítingu við lög, reglur og stefnu sjóðsins. Fjárfestingum og raunar allri starfsemi fylgir áhætta. Til að ná markmiðum sínum þarf sjóðurinn að taka áhættu. Áhættustýring felst í því að stýra áhættu þannig að hún verði innan þeirra marka sem starfseminni hefur verið sett.

16.2 Helstu flokkar áhættu í starfsemi sjóðsins

Flokka má áhættu í starfsemi sjóðsins í marga flokka. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu áhættuflokkum, en undir hverjum og einum flokki eru margir undirflokkar áhættu sem fylgst er með.

Lífeyristryggingaráhætta:

Með lífeyristryggingaráhættu er átt við hættuna á því að skuldbindingar sjóðsins vaxi umfram eignir og að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga eða hún leiði til verulega aukinnar byrðar ábyrgðaraðila. Helstu áhættuþættir í þessum flokki eru skerðingaráhætta og lýðfræðileg áhætta, en einnig má nefna iðgjaldaáhætta og lausafjáraáhætta. Skerðingaráhætta er hættan á því að skerða þurfi lífeyrirstéttindi sjóðfélaga. Lýðfræðileg áhætta er hættan á að lýðfræðilegar forsendur sem notaðar eru við mat á lífeyrisloforðum sjóðsins breytist á þann veg að skuldbindingar hans hækki umfram áætlanir. Þar sem Akureyrarbær ábyrgist skuldbindingar sjóðsins er lífeyristryggingaráhætta, bæði skerðingaráhætta og áhætta vegna vanmats á lýðfræðilegum forsendum metin óveruleg fyrir sjóðfélaga. Verulega vantar upp á að sjóðurinn eigi eignir til að mæta skuldbindingum og því er lífeyristryggingaráhætta veruleg fyrir ábyrgðaraðilann. Fylgst er með lífeyristryggingaráhættu með árlegu tryggingafræðilegu mati, sem tryggingastærðfræðingur sjóðsins framkvæmir. Lausafjáraáhætta er fólgin í hættunni á að sjóðurinn eigi ekki laust fé til að standa straum af lífeyrisgreiðslum og rekstri. Hluti af lausafjáraáhættu er seljanleikaáhætta eigna, þ.e. hversu auðvelt er að breyta eignum í laust fé. Til að mæta lausafjáraáhættu hefur sjóðurinn sett sér það markmið að eiga á hverjum tíma laust fé til að mæta a.m.k. 2 mánaða útgjöldum vegna lífeyris og rekstrar.

Mótaðilaáhætta:

Mótaðilaáhætta er hættan á að mótaðilar eða milliliðir í viðskiptum, t.d. útgefendur skuldabréfa, sjóðfélagar, fyrirtæki og uppgjörshús, standi ekki í skilum (t.d. vegna gjaldþrots) eða að hæfni þeirra til greiðslu versni verulega, bæði vegna útlána og kaupa á fjármálagerningum á markaði. Samþjöppunar- og landsáhætta fellur undir mótaðilaáhættu, enda felur hún í sér hættuna á að margir mótaðilar lendi samtímis í vanefndum. Mótaðilaáhætta er metin bæði áður en viðskipti eiga sér stað og síðan í eftirfylgni með vörslu, endurgreiðslu og uppgjöri á fjármálagerningum. Mótaðilaáhætta þ.m.t. útlánaáhætta er stýrt með áreiðanleikakönnunum og lánshæfismati á mótaðilum, mörkum sem sett eru um kröfur á einstaka aðila eða skylda aðila í eignasafni sjóðsins, reglubundinni skýrslugjöf frá mótaðilum og mati á fjárhagstyrk þeirra, eftirfylgni með skilum og innheimtuaðgerðum, auk reglna um áhættuflokkun viðskiptamanna og varúðarniðurfærslur. Gerð er grein fyrir þróun mótaðilaáhættu í reglubundinni skýrslugjöf til stjórnar.

Fjárhagsleg áhætta:

Með fjárhagslegri áhættu er átt við hættuna á því að fjárhagslegar eignir sjóðsins ryrni í verði og að tekjur af þeim verði lakari en væntingar stóðu til. Sjóðurinn er fyrst og fremst markaðsfjárfestir og eignir hans eru háðar sveiflum á fjármálamörkuðum. Fjárhagsleg áhætta markast af þeim eignaflokkum sem sjóðurinn fjárfestir í og hvernig eignasafn hans er saman sett.

Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta) lýtur fyrst og fremst að fjárhagslegum atriðum í starfsemi sjóðsins, þ.e. hættu á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði liða innan og utan efnahagsreiknings, þar á meðal vegna breytinga á vöxtum, uppgreiðslu- og endurfjárfestingaráhættu, gengi gjaldmiðla, verðbólgu og breytinga á virði fjáreigna. Þessi áhætta getur leitt til neikvæðra áhrifa á rekstur og/eða efnahag, bæði vegna aðgerða eða atburða innan sjóðsins eða utan hans. Neikvæð áhrif á rekstur og efnahag geta dregið úr möguleikum lífeyrissjóðsins til að framfylgja stefnu og ná markmiðum sínum. Fjárhagslegri áhættu er fyrst og fremst stýrt með því að fjárfesta í mismunandi flokkum eigna, sem hegða sér misjafnlega við mismunandi markaðsaðstæður, og dreifa þannig áhættu. Í fjárfestingastefnu sjóðsins eru fjölmörg ákvæði sem sett eru í þeim tilgangi að stýra áhættu. Þar eru sett markmið um eignasamsetningu, ákvarðaðar viðmiðunarvísitölur sem tekið er mið af við stýringu eigna og vikmörk sett um frávik frá viðmiði. Sett er fram sérstök áhættuáætlun, þar sem tilgreind eru markmið áhættu, mæld sem staðalfrávik ávöxtunar, og hvernig það er útfært niður á einstaka eignaflokka, markmið um hermiskekkju, vágildi (VaR) og fleiri áhættumælikvarða. Mælingar á markaðsáhættu er gerðar með reglulegu millibili og skilar áhættustjóri reglubundnum skýrslum til stjórnar um það efni. Brugðist er við með breytingum á eignasamsetningu þróist þessir mælikvarðar á þann veg að hættu sé á að áhætta fari út fyrir markmiðsáhættu sjóðsins.

16. Áhættupættir í starfsemi og áhættustýring (framhald)

Rekstraráhætta:

Rekstraráhætta lýtur fyrst og fremst að starfsemi lífeyrissjóðsins. Starfsemin skal lúta þeim reglum sem um hann eru settar í lögum, reglugerðum, eigin samþykktum og reglum sjóðsins. Stefnt skal að sem mestri hagkvæmni í rekstri þannig að sem mestar líkur séu á að sjóðurinn nái markmiðum sínum. Sjóðnum skal stjórnað með heiðarleika, ráðvændni og góða starfshætti að leiðarljósi. Rekstrar- og umhverfisáhætta er að jafnaði skilgreind sem hættan á tjóni sem rekja má til ófullnægjandi eða ónothæfra innri verkferla, starfsmanna, sviksemi, orðspors, upplýsingakerfa eða til ytri atburða. LSA hefur ekki eigin starfsmenn. Stapi lífeyrissjóður sér um rekstur LSA í samræmi við samning sjóðanna. Samningurinn innifelur að skipurit Stapa og allt skipulag gildir einnig fyrir starfsemi LSA, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. verkefni og valdheimildir framkvæmdastjóra, áhættustjóra, fjárfestingaráðs og lífeyrisnefndar. Til að stýra rekstraráhættu hefur sjóðurinn sett sér margvíslegar reglur sem gilda um starfssemi hans, þ.m.t. starfsreglur stjórnar, síðareglur, verklagsreglur um verðbréfavíðskipti, reglur um upplýsingagjöf til stjórnar og ítarlegar reglur um heimildir til fjárfestinga auk þess sem starfslýsingar, verkferlar, reglur og eftirlitsaðgerðir í starfsemi Stapa gilda einnig um starfsemi LSA, eftir því sem við getur átt. Í skipulagi eru sett skýr starfs- og ábyrgðarsvið, aðgreining starfa rekstraraðila er afmörkuð með ítarlegum starfslýsingum og verkferlum. Reglubundin fundahöld eru með starfsmönnum, þ.m.t. starfsmannasamtöl, rekstraraðili hefur sérstaka starfsdaga þar sem farið er yfir öll svið starfseminnar og boðið upp á þjálfun og námskeiðahald. Rekstraraðili leggur áherslu á góðan og jákvæðan starfsanda, að hann sé eftirsóknarverður vinnustaður, boðleiðir séu stuttar og að strax sé brugðist við vandamálum sem lúta að starfsmönnum og velferð þeirra. Beitt er virku innra eftirliti og gerðar eru margháttaðar kannanir á öllum helstu þáttum í starfsemi sjóðsins og er niðurstöðum slíkra kannana skilað til endurskoðunarnefndar og stjórnar sjóðsins.

16.3 Næmnigreining áhættupátta

Í töflunni fyrir neðan er reynt að meta hver áhrif möguleg áföll geta haft á efnahag og afkomu sjóðsins. Kannaðir eru níu þættir sem gætu raungerst og áhrif þeirra á hlutfall heildarskuldbindingu sjóðsins. Þetta er sett fram með hliðsjón við sambærilegar breytingar frá fyrra ári. Um er að ræða „hvað ef“ aðferðarfræði, þar sem ekki er tekið tillit til innbyrðis fylgni milli áhættupátta. Vakin er athygli á því að þetta er breyting frá núverandi stöðu.

Staða lok 2024 m.v. álagforsendur :	2024	2023
Núvirðisvextir lækka um 0,5%	-2,2%	-2,4%
Líftöflur hliðrast um 2 ár	-3,2%	-3,1%
Öorkulíkur auknar um 10%	0,0%	0,0%
VNV hækkun ársins aukin um 0,5%	-0,1%	-0,1%
GVT lækkar um 10%	-0,8%	-0,7%
Fasteignaverðtryggð skuldabréf lækka um 10%	-1,0%	-1,0%
Innlend /erlend markaðsskuldabréf lækka um 10%	-3,6%	-3,6%
Erlend hlutabréf lækka um 10%	-0,6%	-0,5%
Innlend hlutabréf lækka um 10%	-0,8%	-0,8%

17. Önnur mál

Málefni ÍL- sjóðs

LSA átti í árslok 2024 skuldabréf útgefin af ÍL-sjóði (áður Íbúðalánasjóður) að verðmæti 386 m.kr. Í október 2022 kynnti þáverandi fjármálaráðherra niðurstöður skýrslu um stöðu ÍL-sjóðs og næstu skref sem fyrirhugað var að ráðast í. Skuldabréf voru gefin út af Íbúðalánasjóði frá árinu 2004, með ríkisábyrgð, sem bera 3,75% verðtryggða vexti og eru án uppgreiðsluheimilda (sk. íbúðabréf). Frá því tímamarki sem íbúðabréfin voru gefin út hefur vaxtastig á Íslandi lækkað og markaðsvirði skuldabréfanna þar með hækkað. Einn af valkostum sem þáverandi fjármálaráðherra lagði fram var að setja afturvirk lög um slit ÍL-sjóðs og framkalla þannig greiðsluþrot ÍL-sjóðs.

Daginn eftir umrædda kynningu fjármálaráðherra voru íbúðabréf sett á athugunarlista í Kauphöll Íslands vegna óvissu um útgefandann og verðmyndun bréfanna. Í framhaldinu hafa svo átt sér stað viðskipti með bréfin sem hafa leitt til þess að markaðsvirði þeirra hefur lækkað umtalsvert. Íbúðabréf með lokagjalddaga 2044 lækkuðu í verði um 16%, íbúðabréf með lokagjalddaga 2034 lækkuðu um rúmlega 8% og íbúðabréf með lokagjalddaga 2024 um rúmlega 1%.

Í febrúar 2024 lagði fjármálaráðherra fram frumvarp um slit ógjaldfærra opinberra aðila þar sem framangreindar hugmyndir voru útfærðar nánar og í meginatriðum fallist á kröfur handhafa íbúðabréfa, aðrar en tímasetning greiðslu bóta fyrir eignanám. Við það tímamark samþykktu 18 íslenskir lífeyrissjóðir að hefja viðræður við fjármálaráðuneytið um hugsanlegt uppgjör á íbúðabréfum. Komi til þess að Alþingi samþykki afturvirk lög líkt og fjármálaráðherra boðaði gerir sjóðurinn ráð fyrir að sækja bætur fyrir tjón sem slík lagasetning kann að valda.

Framangreind atburðarás hefur skiljanlega skapað óvissu um verðmyndun skuldabréfanna. Viðskipti með íbúðabréf voru á árinu 2024 afar stopul og viðskiptamagn var mjög lítið. Með hliðsjón af mati á lagalegri stöðu sjóðsins gagnvart skilmálum íbúðabréfa er verðmæti þeirra metið miðað við áfallið virði þeirra (par). Ef miðað hefði verið við síðasta viðskiptaverð yrði verðmæti þeirra reiknað 23 m.kr. lægri, samanber neðangreint.

Skýringar

	Bókfært verð	Verðmat m.v. síðasta viðskiptaverð	Mismunur
HFF150434.....	164.755	156.402	(8.354)
HFF150644.....	220.931	205.761	(15.170)
	385.686	362.162	(23.524)

Í mars 2025 var greint frá því að viðræðunefnd fjármála- og efnahagsráðherra og ráðgjafar lífeyrissjóðahefðu saman mótað tillögur um uppgjör Íbúðabréfa sem greiða mun fyrir slitum ÍL-sjóðs. Virði Íbúðaréfanna í uppgjörinu er metið 651 ma.kr. Í uppgjörstillögunum felst að ÍL-sjóður og íslenska ríkið afhendi kröfuhöfum áðurnefnd ríkisskuldabréf að andvirði 540 ma.kr., önnur verðbréf í eigu ÍL-sjóðs að andvirði 38 ma.kr, gjaldeyri og reiðufé að andvirði 73 ma.kr. Tillaga viðræðuhópsins verður lögð fyrir fund kröfuhafa, en samþykki 75% atkvæða eftir kröfufjárhæð þarf til að tillagan að uppgjöri teljist bindandi fyrir alla kröfuhafa. Verði tillagan samþykkt mun fjármálaráðherra sækja heimild Alþingis til að ljúka uppgjöri í samræmi við tillöguna.

Tillagan miðar við að Íbúðabréfin verði gerð upp miðað við ávöxtunarkröfuna 3,57% í tilviki HFF150434 og 3,17% í tilviki HFF150644. Ef miðað hefði verið við framangreinda ávöxtunarkröfu við verðmat skuldabréfanna yrði verðmæti þeirra reiknað 13 m.kr. hærri, samanber neðangreint.

	Bókfært verð	Verðmat m.v. tillögu	Mismunur
HFF150434.....	164.755	166.302	1.547
HFF150644.....	220.931	232.896	11.965
	385.686	399.198	13.512

Kennitölur

	2024	2023	2022	2021	2020
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	-42,7%	-43,6%	-43,6%	-41,2%	-44,3%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	-42,6%	-43,5%	-43,2%	-40,6%	-43,7%
Hrein raunávöxtun.....	5,66%	-0,33%	-9,09%	8,02%	6,79%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár	2,00%	2,21%	2,41%	5,08%	3,94%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár	3,18%	3,08%	3,42%	4,72%	4,25%
Hlutfallsleg skipting fjárfestingar					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	28,5%	27,4%	26,3%	29,2%	27,7%
Skráð skuldabréf	59,1%	59,0%	58,8%	57,7%	59,1%
Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	5,4%	5,6%	5,4%	5,5%	5,9%
Óskráð skuldabréf	7,0%	7,9%	9,5%	7,5%	7,3%
Bundnar bankainnstæður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum					
Eignir í íslenskum krónum	85%	88%	90%	89%	91%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	15%	12%	10%	11%	9%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	27	32	37	44	55
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	2130	2145	2186	2214	2250
Fjöldi lífeyrisþega	791	771	756	726	686
Hlutfallsleg skipting lífeyris					
Eftirlaun	83,8%	83,4%	83,8%	83,5%	83,3%
Örorkulífeyrir	2,2%	2,4%	2,8%	2,5%	2,9%
Makalífeyrir	14,0%	14,2%	13,4%	14,1%	13,8%
Barnalífeyrir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Stöðugildi	0	0	0	0	0
Iðgjöld alls (á föstu verðlagi)	598.726	578.874	559.519	572.669	553.810
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	1.447.406	1.388.654	1.392.730	1.436.028	1.343.545
Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi)	1.506.342	1.124.615	-6.630	2.256.252	1.853.808
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls (á föstu verðlagi)	50.884	51.275	55.776	57.434	55.773
Hækkun (lækkun) á hreinni eign (á föstu verðlagi)	606.778	263.560	-895.616	1.335.459	1.008.301
Lífeyrisbyrði	242%	240%	249%	251%	243%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum	8,5%	8,9%	10,0%	10,0%	10,1%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna	10,5%	7,7%	0,0%	13,5%	11,2%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,36%	0,35%	0,35%	0,33%	0,33%

Stjórnarháttayfirlýsing

Tilgangur

Góðir stjórnarhættir eru forsenda fyrir því að starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar (LSA) sé traust og árangursrík. Með góðum stjórnarháttum í starfsemi LSA er lagður grunnur að traustum samskiptum stjórnenda og starfsmanna við sjóðfélaga, launagreiðendur sem greiða iðgjöld til sjóðsins og Akureyrarbæ sem ábyrgðaraðila sjóðsins. Góðir stjórnarhættir stuðla einnig að gagnsæi í starfsemi hans. Við mótun stjórnarháttanna hafa stjórnendur og stjórn sjóðsins haft til hliðsjónar almennt viðurkennd sjónarmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja. LSA er lokaður sjóður. Akureyrarbær ábyrgist skuldbindingar sjóðsins sbr. 10. gr. í samþykktum hans.

Hlutverk LSA

Hlutverk LSA er að:

- Taka við iðgjöldum, varðveita þau með tryggu hætti og veita upplýsingar um réttindi sjóðfélaga
- Ávaxta fjármuni með sem bestum hætti í samræmi við fjárfestingar- og áhættustefnu sjóðsins
- Greiða sjóðfélögum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins. Í því felst að tryggja sjóðfélögum eftirlaun að lokinni starfsævi, tryggja þá fyrir tekjumissi í kjölfar örorku og stuðla að fjárhagslegu öryggi maka og barna við andlát sjóðfélaga.

Lög og reglur um stjórnarhætti sem LSA fylgir

LSA starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur fengið starfsleyfi frá Fjármálaráðuneytinu sem einnig staðfestir samþykktir sjóðsins. LSA er lokaður sjóður sem starfar á óbreyttum iðgjalda- og réttindagrundvelli í samræmi við 54. gr. laga nr. 129/1997, sem hefur veruleg áhrif á starfsemi sjóðsins.

Sjóðurinn er eftirlitsskyldur aðili í samræmi við lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ýmis önnur lög taka til þátta í rekstri LSA, auk reglugerða, reglna og leiðbeinandi tilmæla sem Fjármálaeftirlitið hefur sett um starfsemi lífeyrissjóða.

Þá hefur sjóðurinn sjálfur sett reglur um einstaka þætti í starfsemi sinni, s.s. starfsreglur stjórnar og þ.m.t. skilgreiningu á óvenjulegum og mikilsháttar ráðstöfunum, verklagsreglur um verðbréfavíðskipti, siðareglur, reglur um upplýsingagjöf til stjórnar, reglur um endurskoðunarnefnd og reglur um fjárfestingaheimildir. Þá hefur sjóðurinn sett sér sérstaka fjárfestingar-, áhættu-, áhættustýringar- og öryggisstefnu. Starfsreglur stjórnar og endurskoðunarnefndar má nálgast á heimasíðu sjóðsins.

Skipan stjórnar, hlutverk og skipulag

Samkvæmt samþykktum LSA skal stjórnarformaður sjóðsins tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrarbæjar og skal annað hvort vera bæjarstjóri eða sviðstjóri fjársýsluviðs sveitarfélagsins. Aðrir stjórnarmenn eru tveir fulltrúar sem bæjarstjórn kys á sama hátt og fastar nefndir sveitarfélagsins til fjögurra ára og tveir fulltrúar tilnefndir til fjögurra ára af Kili, Stéttarfélagi starfsmanna í almannapjónustu. Fjórir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt til jafnlangs tíma.

Samkvæmt lögum ber stjórn LSA ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Stjórn skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Hún skal móta fjárfestingar- og áhættustefnu fyrir sjóðinn, innra eftirlit, skjalfesta eftirlitsferla og móta eftirlitskerfi sem gera sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins.

LSA hefur ekki eigin starfsmenn, en hefur gert samning við Stapa lífeyrissjóð um að annast rekstur sjóðsins. Markmiðið með samningnum er að tryggja góðan rekstur sjóðsins sem og góða þjónustu við sjóðfélaga. Framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs er jafnframt framkvæmdastjóri LSA og áhættustjóri Stapa er jafnframt áhættustjóri LSA. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá stjórn sjóðsins.

Daglegur rekstur sjóðsins felur m.a. í sér innheimtu iðgjalda og sérstakra aukaframlaga, skráningu iðgjalda í iðgjaldakerfi, utan umhald um réttindi sjóðfélaga, undirbúning og vinnu við lífeyrisúrskurði, útsendingu yfirlita til sjóðfélaga, lífeyrisgreiðslur, réttindaflutninga til og frá sjóðnum, upplýsingagjöf og aðstoð í lífeyrismálum, eignastýringu og ávöxtun á fjármunum sjóðsins, fjárhagsbókhald, umsjón með stjórnarfundum og skýrslugerð til opinberra aðila vegna sjóðsins. Reglur sem Stapi hefur sett og taka til starfsmanna gilda einnig um störf þeirra fyrir LSA eftir því sem við getur átt, enda hafi LSA ekki gengið frá reglum um sama efni, sem gilda fyrir starfsemi sjóðsins.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn LSA fundaði átta sinnum á árinu 2024. Á fimm þeirra mættu allir stjórnarmenn en á þremur fundum boðaði einn stjórnarmaður forföll. Í þeim tilfellum var varamaður boðaður á fundinn. Endurskoðunarnefnd LSA fundaði tvisvar sinnum á árinu 2024 og boðuðu nefndarmenn aldrei forföll.

Niðurstöður árangursmats stjórnar er að samstarf stjórnarmanna gangi vel og allir stjórnarmenn hafi tækifæri til að tjá skoðun sína á stjórnarfundum. Upplýsingar fyrir stjórnarfundum berist tímanlega sem er forsenda upplýstrar ákvörðunartöku stjórnar. Samanlögð reynsla stjórnarmanna sjóðsins er nokkuð löng og stjórnarmenn hafa hver um sig fjölbreytta stjórnunarreynslu sem gagnast í stjórnarstörfum. Stjórnarmenn hafi jafnframt mikla reynslu af opinberri stjórnsýslu og fjármálastjórn. Sameiginlegt hæfi og hæfni stjórnar er því metið í góðum horfum.

Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á áhættustýringu og innra eftirliti og skal fylgjast með virkni þess. Stjórnin skal móta og samþykkja áhættustefnu og sjá til þess að virk áhættustýring sé til staðar, sem tekur til allrar starfsemi sjóðsins. Áhættustýring skal innihalda skilvirka ferla og vinnulag. Hún þarf einnig að tryggja að framkvæmda- og áhættustjóri fylgist með því að þessir ferlar séu fullnægjandi og verklag sé skilvirkt.

Stjórnin hefur skipað endurskoðunarnefnd í samræmi við ákvæði 108. gr. laga nr. 3/2006. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu, eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis, fyrir sjóðinn. Endurskoðunarnefnd setur fram tillögur til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis. Endurskoðunarnefnd fundar reglulega með innri endurskoðanda, áhættustjóra og eftir atvikum öðrum starfsmönnum sjóðsins og skilar um það skýrslum til stjórnar.

Auk stjórnendaeftirlits og eftirlits áhættustjóra hefur stjórnin ráðið innri endurskoðanda sem starfar skv. lögum nr. 129/1997 og reglum nr. 687/2001 um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða. Innri endurskoðandi sjóðsins er PwC. Innri endurskoðandi framkvæmir eftirlitsaðgerðir reglulega og skilar um það skýrslum til stjórnar. Innri endurskoðandi starfar í nánu sambandi við endurskoðunarnefnd og áhættustjóra.

Fjárfestingarstefna og áhættustefna

Stjórn LSA hefur mótað fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn. Fjárfestingarstefna er formlegt skjal, sem lýsir stefnu sjóðsins við fjárfestingar og ávöxtun fjár sjóðfélaga. Fjárfestingarstefna þarf að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða.

Stjórn hefur mótað áhættustefnu þar sem er að finna lýsingu á skipulagi sjóðsins, þ.m.t. á eignastýringu og fjárfestingastarfsemi, eftirlitsskipulagi og hvernig áhættustýringu og innra eftirliti er háttað, þ.m.t. aðgerðum til að tryggja að starfsemi sjóðsins hlíti þeim lögum og reglum sem um hann eru settar af opinberri hálfu, eða hann hefur sett sér sjálfur. Í stefnunni er einnig að finna skilgreiningu á áhættu, lýsingu á áhættuflokkum og hvernig framkvæmd áhættustýringar er háttað.

Gildi og samfélagsleg ábyrgð

Samfélagsleg ábyrgð er mikilvægur þáttur í góðum stjórnarháttum. LSA gerir sér grein fyrir áhrifunum á kjör sjóðfélaga sinna, aðila sem hann fjárfestir í og efnahagsleg og félagsleg áhrif á félagssvæði sínu og nærumhverfi. LSA hefur samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi bæði inn á við og út á við í störfum sínum og athöfnum, í samskiptum sínum við sjóðfélaga, starfsmenn, viðskiptavini, þjónustuaðila og samfélagið í heild. Í fjárfestingarstefnu LSA skilgreinir sjóðurinn siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Þá gilda um fjárfestingar sjóðsins *Hluthafastefna* og *Stefna um ábyrgar fjárfestingar* sem sjóðurinn hefur starfað eftir frá árinu 2021.

Stjórnarháttayfirlýsing

Upplýsingar um stjórn, endurskoðunarnefnd og framkvæmdastjóra

Stjórn

Arna Jakobína Björnsdóttir, fædd 1957. Fulltrúi Kjarar stéttarfélags, skipuð á ársfundi 1994. Arna Jakobína er óháð Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar.

Menntun: Diplóma í hagnýtri jafnréttisfræði, MA í náms- og starfsráðgjöf, BA í sálfræði, Stúdent frá Verkmenntaskólanum á Akureyri, Verkefna- og leiðtogaþjálfun EHÍ, Diplóma í rekstri, stjórnun og hagþróun við HA, sjúkraliði SÍ, auk fjölda námskeiða.

Aðalstarf: Formaður og framkvæmdastjóri Kjarar, stéttarfélags starfsmanna í almannáþjónustu.

Önnur trúnaðarstörf: Stjórnarmaður í BSRB, stjórnarformaður Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, stjórnarmaður í Fræðslusetri Starfsmennt, stjórnarformaður í Rekstrarfélagi orlofshúsa við Eiðavatn, varamaður í stjórn Vinnumálastofnunar.

Dan Jens Brynjarsson, fæddur 1960. Fulltrúi Akureyrarbæjar, skipaður á aukaársfundi 2018. Formaður stjórnar frá 2018. Dan Jens er óháður Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar.

Menntun: cand. oecon. frá Háskóla Íslands í viðskiptafræði með áherslu á fjármál, MBA frá The University of Edinburgh með áherslu á fjármál, stjórnun og stefnumótun.

Aðalstarf: Sviðstjóri fjársýsluviðs.

Önnur trúnaðarstörf: Stjórnarmaður í Fóðurverksmiðjunni Laxá hf. og fulltrúi í Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs.

Hanna Rósa Sveinsdóttir, fædd 1966. Fulltrúi Kjarar stéttarfélags, skipuð á ársfundi 2002. Hanna Rósa er óháð Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar.

Menntun: Stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri, sagnfræðingur og þjóðfræðingur frá Háskóla Íslands, Diploma í rekstri og stjórnun frá Háskólanum á Akureyri, auk fjölda námskeiða tengdum safnafræðum.

Aðalstarf: Sérfræðingur á Minjasafninu á Akureyri.

Önnur trúnaðarstörf: Situr í Húsafriðunarnefndar ríkisins, stjórnarformaður Menningarfélagsins Hrauns í Öxnadal, (ólaunað), formaður stjórnar Vísindasjóðs Kjarar stéttarfélags (ólaunað).

Gunnar Líndal Sigurðsson, fæddur 1985. Fulltrúi Akureyrarbæjar, skipaður á ársfundi 2022. Gunnar er óháður Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar.

Menntun: B.Sc. í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands.

Aðalstarf: Verkefnastjóri á sviði Rekstrar og klínískrar stoðþjónustu.

Snæbjörn Sigurðarson, fæddur 1974. Fulltrúi Akureyrarbæjar, skipaður á ársfundi 2022. Snæbjörn er óháður Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar.

Menntun: Viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri, Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun hjá SHA auk fjölda námskeiða í stjórnun, opinberri stjórnsýslu og réttindum á vinnumarkaði.

Aðalstarf: Sjálfstætt starfandi verkefnastjóri, ráðgjafi og kennari.

Önnur trúnaðarstörf: Framkvæmdastjóri hjá 5S ráðgjöf ehf.

Endurskoðunarnefnd

Ragna Hrund Hjartardóttir, fædd 1969

Menntun: cand. oecon. frá Háskóla Íslands, sérvið reikningshald og endurskoðun og löggiltur endurskoðandi.

Aðalstarf: Framkvæmdastjóri RH endurskoðun ehf.

Önnur trúnaðarstörf: Stjórnarmaður í Naflanum ehf., SR eignarhaldsfélagi ehf. og NPA umsýsluaðila, félagasamtökum

Arna Jakobína Björnsdóttir (sjá umfjöllun hér að ofan)

Dan Jens Brynjarsson (sjá umfjöllun hér að ofan)

Stjórnarháttayfirlýsing

Framkvæmdastjóri

Jóhann Steinar Jóhannsson, fæddur 1982.

Menntun: Stúdent frá Verkmenntaskólanum á Akureyri af Viðskipta- og hagfræðabraut, B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og M.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Lund í Svíþjóð.

Önnur trúnaðarstörf: Framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs, stjórnarmaður í Bakkastakk slhf., formaður stjórnar Reiknistofu lífeyrissjóða hf., situr í Hagsmuna- og fjárfestingaráði framtakssjóðsins TFII slhf. og situr í fastanefnd á vegum Landsamtaka lífeyrissjóða um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða (ólaunað).

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Ekki var um nein slík brot eða ákvörðun að ræða.

Samskipti við sjóðfélaga

Sjóðurinn sendir sjóðfélögum yfirlit um réttindi sín tvisvar á ári. Sjóðurinn býður auk þess upp á sjóðfélagavef, þar sem sjóðfélagar geta fengið upplýsingar um lífeyrisréttindi sín hjá sjóðnum auk upplýsinga um iðgjaldaskil og aðgang að rafrænum skjölum, sem þeim tengjast. Sjóðurinn heldur úti heimasíðu, þar sem finna má margháttaðar upplýsingar um sjóðinn og hagsmuni og réttindi sjóðfélaga, þ.m.t. hvernig bera á sig að við að sækja um lífeyri o.fl. Einnig býðst sjóðfélögum aðgangur að „Lífeyrisgáttinni“ þar sem þeir geta fengið yfirlit um réttindi sín hjá öllum íslenskum lífeyrissjóðum. Allir sjóðfélagar, svo og eftirlauna- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundum sjóðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Viðauki I: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar telst til eininga tengdum almannahagsmunum, sbr. lög nr. 3/2006 um ársreikninga og getur því í skýrslu stjórnar upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif sjóðsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál í samræmi við gr. 66. d sömu laga.

Viðskiptalíkan

Stapi lífeyrissjóður annast rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar í samræmi við samning milli sjóðanna þar um. Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar starfar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Fjármálaráðherra veitir sjóðnum starfsleyfi og Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir sem settar eru skv. þeim og staðfestar samþykktir sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sínar. Þannig móttækur sjóðurinn iðgjöld sjóðfélaga, ávaxtar þau og greiðir út eftirlaun, örorku-, maka- og barnalífeyri.

Sjóðfélagar eiga aðilda að sjóðnum vegna starfa sinna fyrir Akureyrarbæ. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, A-deild fyrir sjóðfélaga sem eiga þriggja ára iðgjaldatíma að baki hjá Akureyrarbæ og B-deild fyrir þá sem eiga geymd réttindi í sjóðnum sem eru innan við þrjú iðgjaldaár. Þann 1. janúar 1999 var sjóðnum lokað fyrir nýjum starfsmönnum Akureyrarbæjar sem ráðnir eru til starfa.

Engir starfsmenn starfa hjá sjóðnum en stjórn sjóðsins hefur gert rekstrarsamning við Stapa lífeyrissjóð sem annast rekstur hans.

Félagsmál

Áhrif og ábyrgð sjóðsins í samfélagsmálum birtist í tveimur meginþáttum í starfsemi hans. Annars vegar er um að ræða ábyrgð sjóðsins á að greiða sjóðfélögum sínum lífeyri og hins vegar í fjárfestingastarfsemi hans.

Hlutverki sínu við að greiða sjóðfélögum lífeyri sinnir sjóðurinn skv. samþykktum sjóðsins, siðareglum og öðrum skjalfestum reglum sjóðsins. Sjóðurinn hefur sett sér persónuverndarstefnu og persónuverndarfulltrúi starfar hjá sjóðnum.

Í tilviki fjárfestingarstarfsemi sjóðsins tilgreinir árlega fjárfestingarstefna sjóðsins markmið og afmarkanir fjárfestingarstefnu. Auk þess fjallar fjárfestingarstefna sjóðsins um siðferðisleg viðmið við fjárfestingar sjóðsins. Þá starfar sjóðurinn samkvæmt hluthafastefnu sjóðsins og stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem tilgreina viðmið og væntingar sjóðsins til fyrirtækja í eignsafni hans og eignastýranda.

Stapi lífeyrissjóður var stofnaðili að IcelandSIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Tilgangur IcelandSIF er að efla þekkingu og umræðu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrga fjárfestinga.

Sjóðurinn er ekki aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN Principles for Responsible Investments) en notar m.a. slíkar reglur til að meta erlenda eignastýrendur m.t.t. samfélagslegra þátta. Sjóðurinn skimar nýfjárfestingar m.t.t. aðild að UN PRI, greinir og mælir árangur í eignasafni sjóðsins m.t.t. UN PRI. Í fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2023 er nánari umfjöllun um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sjóðsins.

Starfsmannamál

Samkvæmt rekstrarsamningi sjóðsins við Stapa starfar enginn starfsmaður fyrir sjóðinn heldur nýtir hann starfskrafta starfsmanna Stapa. Stjórn Stapa hefur samþykkt starfsmannastefnu fyrir sjóðinn. Þar kemur fram að Stapi leggi áherslu á starfsánægju, gott starfsumhverfi, markvissa fræðslu og þjálfun. Stefnan tiltekur einnig að starfsmenn sjóðsins eru metnir að verðleikum, óháð kynferði, aldri, þjóðerni eða trú. Það er markmið sjóðsins að allir starfsmenn njóti sömu virðingar og hafi jöfn tækifæri til starfa, launa, umbunar, starfsþjálfunar og aðstöðu. Sjóðurinn hefur sett sérstaka stefnu og áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundnu áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðlegri háttsemi.

Stapi leitast við að hafa starfsumhverfi, tæki og aðbúnað með bestum hætti á hverjum tíma og tryggja öryggi starfsfólks í vinnu. Sjóðurinn metur reglulega þörf á endurnýjun búnaðar og aðstöðu starfsfólks. Stefna Stapa er að stuðla að heilsusamlegu lífni starfsfólks, bæði andlegu og líkamlegu og styrkir starfsfólk til líkamsræktar með niðurgreiðslu kostnaðar.

Umhverfismál

Sjóðurinn notast við miðlæga aðgangsstýrða prentlaun með það að markmiði að draga úr pappírnotkun sjóðsins. Þá miðar sjóðurinn að því að koma raftækjum sem ekki eru lengur í notkun sjóðsins í endurnýtingu eða endurvinnslu. Lögð er áhersla á að lágmarka og flokka úrgang sem fellur til í starfsemi sjóðsins.

Það er stefna sjóðsins að skjalaumsýsla hans færast í auknum mæli í rafrænt form til að auka öryggi upplýsingaeigna og draga úr pappírnotkun.

Sem fjárfestir ætlast sjóðurinn til að fyrirtæki sem sjóðurinn á eignarhlut í fari að lögum og reglum um umhverfismál og geri sér grein fyrir, stýri og eftir föngum dragi úr þeim áhrifum sem viðkomandi starfsemi hefur á umhverfið.

Mannréttindamál

Stefna sjóðsins í mannréttindamálum er að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til kynferðis, kynhneigð, litarháttar, þjóðerni, trúarskoðunum, búsetu og efnahag. Stjórn og starfsmenn leggja áherslu á jafnræði við afgreiðslu mála og að mismuna ekki.

Sem fjárfestir ætlast sjóðurinn til þess að fyrirtæki sem sjóðurinn á eignarhlut í grípi til ráðstafana til að tryggja að starfsemi þeirra eða viðskipti brjóti ekki í bága við alþjóðlega viðurkenndar reglur um mannréttindi og að þau stundi ekki viðskipti við aðila sem stunda mannréttindabrot. Þá ætlast sjóðurinn til að félög í eignasafni hans móti sér stefnu í mannréttindamálum, miðli henni og veiti leiðbeiningar til starfsmanna sinna, samstarfsaðila og birgja ef félagið er með starfsemi eða viðskipti í löndum þar sem mannréttindi eru ekki virt að mati viðurkenndra alþjóðastofnana.

Viðauki I: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Varnir gegn spillingar- og mútumálum

Í því skyni að stuðla að góðum stjórnarháttum og sporna við spillingar- og mútumálum í tengslum við starfsemi sjóðsins er m.a. byggt á eftirfarandi:

- Siðareglur
- Starfsreglur stjórnar
- Reglur um vernd uppljóstrara
- Stefna og reglur um varnir gegn peningaþvætti auk áreiðanleika- og úrtakskananna
- Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti stjórnarmanna og starfsmanna

Stjórn sjóðsins hefur skipað ábyrgðarmann varna gegn peningaþvætti og regluvörð sem ásamt áhættustjóra sinnir m.a. eftirliti með spillingaráhættu og hlítinu við framangreind skjöl.

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar hefur skilgreint verklag vegna innri og ytri uppljóstrana og kynnt starfsmönnum til að auka líkur á að greina misferli sem gæti komið upp í starfsemi sjóðsins.

Rekstaradili sjóðsins, Stapi lífeyrissjóður, hefur skilgreind ófjárhagslega mælikvarða og vísast til ársreiknings sjóðsins varðandi umfjöllun um þá.